



## Sjómanna dagurinn 2003



Sjómannadagurinn var að venju haldinn hátíðlegur fyrstu helgina í júní og var mikið um dýróir á Eskfirði. Hátíðargestum var boðið í siglingu á skipum félagsins líkt og undanfarin ár og var þátttaka góð þrátt fyrir votviðri. Hefðbundnar keppnisgreinar á sjómanna daginn voru að sjálfsögðu í heiðri hafðar. Í kappróðri sigruðu skipverjar Jóns Kjartanssonar glæsilega en eins sýndu færeyskir unglingar, sem gestkomandi voru í bænnum, mikla snerpu og kunnáttu í þessari aldagömlu íþrótt. Koddaslagurinn var einnig á sínum stað þó mörgum þætti frekar kuldalegt að fylgjast með ungum ofurhugum taka dýfur í ískaldan sjóinn í smábátahöfninni.

Á sunnudeginum var skemmtihátíð á höfninni þar sem m.a. hljómsveitin í svörtum fötum kom fram en sama hljómsveit lék á sjómanna dansleik kvöldið áður. Hápunktur helgarinnar var svo þegar hin harðsnúna sveit grillmeistarar Eskju bauð hátíðargestum upp á heitar pylsur og meðlæti undir dyggri stjórn grillmeistarans af Mel.



## HAF - Starfsmannastefna Eskju hf

Í lok maí var nýja starfsmannastefna Eskju hf kynnt. Fundað var í öllum deildum fyrirtækisins og bæklingi með umfjöllun um hina nýju stefnu dreift. Hugmyndafræði þessarar nýju starfsmannastefnu grundvallast á meiningu orðanna heilindi, atorka og færni, skammstöfuð H.A.F., og eru þau leiðarljós hennar. Starfsmannastefnan var unnin af stjórnendum fyrirtækisins í samstarfi

við starfsfólk úr öllum deildum og hefur verið nokkurn tíma í smíðum.

Í starfsmannastefnunni er lýst þeim væntingum og kröfum sem starfsfólk og stjórnendur geta gert til hvors annars svo takast megi að skapa bestu starfsskilyrði sem völ er á.

*Þeir sem vilja kynna sér starfsmannastefnu Eskju hf. frekar er bent á að hafa samband við skrifstofu félagsins og fá eintak af henni.*

## Umhverfishópur Eskju

Í byrjun júní tók til starfa umhverfishópur Eskju og mun hann starfa við að fegra umhverfi fyrirtækisins í sumar. Kristinn Aðalsteinsson þjónustustjóri Eskju mun hafa yfirumsjón með verkum hópsins og að hans sögn starfa alls sex ungmenni í hópnum auk eins verkstjóra. Meðal verkefna í sumar er að snyrta og gróðursetja í nágrenni við starfsstöðvar Eskju auk þess að dytta að byggingum eins og kostur er. Víst er að ánægjulegt verður að fylgjast með grænum fingrum Didda og krökkunum hans að störfum í sumar.



## Eskjubúningar yngri flokka Austra

Þann 14. júní afhentu forsvarsmenn Eskju 5. og 6. flokki Austra nýja fótboltaþúninga til eignar. Bláir og hvítir þúningarnir skarta merki félagsins „silfur hafsins“ og virtust upprennandi fótboltastjórnur finna sig vel í þeim á hinu

árlega Skipamóti yngri flokka sem haldið var á Eskifjarðarvelli þennan sama dag.

Á meðfylgjandi mynd má sjá Elfar forstjóra ásamt þjálfurum flokkanna og vösku liði ungra fótboltamanna, íklæddum hinum nýju Eskjubúningum, klára í slaginn.



## Barnadagurinn

### Kæra samstarfsfólk

Nýlega lauk Hafrannsóknarstofnun við gerð ástandsskýrslu fiskistofna við Ísland og er aukningar að vænta í mörgum tegundum. Ljóst er að slíkt mun hafa mjög jákvæð áhrif á rekstur Eskju á næsta kvótaári vegna verulegrar aukningar á bolfiskveiðiheimildum okkar við næstu kvótaáramót. Skýrslan sýnir enn fremur að langtímamarkmið ábyrgar og vísindalegrar fiskveiðistjórnunar skila sér til langframa, þrátt fyrir tímabundnar niðursveiflur fiskistofna. Skilyrðin í sjónum virðast betri en oft áður og því ber að fagna.

Hinsvegjar er erfiðara um vik í viðskiptaumhverfi sjávarútvegsfyrirtækja. Þar er hvorki jafnvægi eða stöðugleiki ríkjandi og gengi íslensku krónunnar hefur sveiflast öfganna á milli. Ljóst er að stóriðjuframkvæmdir koma til með að skapa erfiðleika í tekjumyndun íslenskra útflutningsfyrirtækja næstu misserin og því er mikilvægt að stjórnvöld og stofnanir á vegum þess beiti sér fyrir að aukið jafnvægi ríki á milli inn- og útflutningsgreina.

Annars hefur sumarið látið biða ansi lengi eftir sér og líkist um margt orðum Jónasar skálds Hallgrímssonar;

*Veðrið er hvorki vont né gott,  
varla kalt og ekki heitt,  
Það er hvorki þurr né vott,  
Það er svo sem ekki neitt.*

Hafið það gott í sumarfríinu.

Með kveðju,  
Eifar

Þann 4. júní tóku 1. og 2. bekkjar nemendur hús á Eskju á hinum árlega barnadegi. Höfst ferðin á heimsókn í Mjöl- og lýsisvinnsluna þar sem þau skoðuðu sig um. Eftir að gestunum hafði verið boðið upp á að smakka á mjölinu voru þeir vigtaðir. Kom í ljós að 18 nemendur í 1. bekk vógu 475 kg en 7 nemendur í 2. bekk 213 kg.

Næst var haldið á Nótastöð og þótti gestunum þessi vinnustaður hin barnvænsti og henta vel til hlaupa og sprikls. Lifgaði þetta verulega upp á vinnustaðinn enda flestir starfsmenn stöðvarinnar komnir af allra léttasta skeiðinu. Reyndu strákar og stelpur með sér í reiptogi og eftir hörð átök báru drengirnir sigur úr bítum enda höfðu þeir harma að hefna frá fyrri árum. Því næst var haldið með rútu í frystihúsið og gestir gallaðir upp á viðeigandi hátt. Voru þeim sýndar þar hinar ýmsu fisktegundir og meðal annars ógurlegan fjögurra metra langan hákarl, sem enginn viðstadda sagðist vera smeykur við.



Að lokum var boðið til þítuveislu á skrifstofu Eskju og meðan gestirnir gæddu sér á veitingunum flutti leikhópurinn Vera frá Fáskrúðsfirði atriði úr Kardimommubænum, við mikinn fögnuð. Við brottför voru þessir góðu gestir leystir út með gjöfum og þau boðin velkomin aftur að ári.

## Fréttir úr Mjöl- og lýsisvinnslu

Þann 5. júní síðastliðinn var haldið brunanámskeið í Mjöl- og lýsisvinnslunni í samvinnu við brunavarnir Fjarðabyggðar. Hinn eldklári Þorbergur Hauksson slökkviliðsstjóri stjórnaði námskeiðinu af brennandi áhuga. Fór hann yfir ýmis atriði tengd brunavörnum og rétt viðbrögð við eldsvoða og aðsteðjandi hættum. Eftir að búið var að uppfærða starfsmenn var haldin verkleg æfing í notkun slökkvítækja á tilbúinn eld. Voru menn sammála að æfing sem þessi væri nauðsynleg fyrir vinnustað eins og Mjöl- og lýsisvinnsluna þar sem rétt og skjótt viðbrögð geta skipt sköpum.

Um þessar mundir er unnið að uppsetningu á nýrri mjölskilvindu frá Westfaliu. Skilvindan er sú stærsta sinnar tegundar á Íslandi og afkastageta hennar er tvöfalt meiri en þeirra skilvinda sem hún leysir af hólmi. Nýverið var sett upp lýsisvinnslu frá sama fyrirtæki er hefur reynst mjög vel.



## Nýr sumarbústaður Eskju

Eins og fram kom í nýrri starfsmannastefnu Eskju hafa verið fest kaup á nýjum heils árs sumarbústað til að auka á fjölbreytni í orlofsferðum starfsmanna. Nýi bústaðurinn er 55 m<sup>2</sup> að Kónsvegi 4 í Úthlíð í Skyggnesskógi, í nágrenni Laugavatns. Bústaðurinn telur 3 svefnherbergi, 1 baðherbergi og stofu. Kojur eru í herbergjunum og er svefnpláss fyrir um 9 manns. Nýr heitur pottur stendur á 66 m<sup>2</sup> verönd. Bústaðurinn

er vel innréttaður með panil og góðri eldhúsinnréttingu. Gott útsýni er við bústaðinn og í nágrenni hans er golfvöllur og sundlaug.

Þeir starfsmenn sem unnið hafa hjá Eskju samfleytt í þrjú ár eða lengur eiga rétt á að sækja um orlofsviku í bústaðnum. Bústaðurinn er leigður út frá föstudegi til föstudags og takmarkast við viku til hvers aðila. Skráning í bústaðinn fer fram hjá Höllu á skrifstofutíma.





## Leiftur frá liðinni tíð

Narfi – Jón Kjartansson

Vélskipið sem í dag er þekkt undir nafninu Jón Kjartansson SU-111 á sér allnokkra og skrautlega sögu. Sagan hófst þegar Guðmundur Jörundsson útgerðarmaður í Reykjavík lét smíða skipið sem síðutogara í Rendsburg í Þýskalandi og kom það til Íslands í apríl 1960. Hlaut það nafnið Narfi og bar einkennisstafina RE-13. Upphaflega átti Narfi að vera gerður út á karfa við Nýfundnaland og var hann því hafður burðar- og gangmikill. Þegar skipið kom til landsins höfðu þessar veiðar dregist verulega saman og því ekki grundvöllur fyrir slíkri útgerð lengur. Sökum þess var fljótlega ráðist í breytingar svo mögulegt væri að heilfrysta afla um borð og samhliða því var byggt yfir bakborðshlið skipsins. Eftir það stundaði Narfi veiðar við Nýfundnaland, austur- Grænland og á Íslandsmiðum. Aflinn var hauseður og heilfrystur um borð, en auk þess kom fyrir að hluti aflans væri ísaður.

Eftir að skuttogararnir fóru að ryðja sér til rúms á Íslandsmiðum voru afköst og vinnuaðstaða á dekki ekki talin ásætunleg og því var brugðið á það ráð, árið 1974, að setja skutrennu á Narfa. Eftir

það gengu veiðar illa og því var ákveðið gera enn eina breytinguna, gera Narfa að nótaskipi og lauk því í ársbyrjun 1978. Narfi var gerður út á loðnu í febrúar og mars sama ár. Skipstjóri á þeim tíma var aflalóin Björn Jónsson, núverandi kvótasérfræðingur LIÚ.

Eftir loðnuvertíðina 1978 var skipið selt Eskju og fékk það nafnið Jón Kjartansson í höfuðið á föður Aðalsteins Jónssonar þáverandi forstjóra Eskju. Við skipstjórn á skipinu tók Þorsteinn Kristjánsson núverandi skipstjóri á Hólmborginni. Fyrstu árin eftir að Eskja eignaðist skipið var það aðallega gert út á loðnu- og kolmunnaveiðar, en einnig var það gert út á saltfisk, karfaveiðar, ísrækju og grálúðu frystingu. Síðustu ár hefur Jón Kjartansson eingöngu verið gerður út á loðnu-, kolmunna- og síldveiðar.

Árið 1998 var skipið endurbbyggt í Gdynja í Póllandi m.a. var skipt um framenda og brú. Tveim árum síðar var sett ný 6.700 hestafala aðalvél í skipið.

Þetta 43 ára gamla skip hefur farið í gegnum margar breytingar og hafa sumir gengið svo langt að segja; að einungis eigi eftir að breyta því í kafbát.

## Úr mjölpoka-horninu

### Golf

Síðastliðið sumar var í fyrsta sinn haldin golfkeppni á milli liða Eskju og Síldarvinnslunnar í anda Ryder keppinnar víðfrægu. Keppt var um Ræder Seafood farandbikarinn og fór lið Eskju með sigur af hólm, með 6 1/2 vinningi móti 1 1/2 fyrsta keppnisárið. Ljóst er að forsvarsmenn Síldarvinnslunnar taka slíku ekki þegjandi og munu leggja allt í sölnurnar til að klófesta bikarinn í ár. Nokkrir af liðsmönnum Eskju hafa verið í strangri þjálfun og á stífu mataræði það sem af er sumri og hafa Emil útgerðarstjóri og Siggí tölva báðir farið í æfingabúðir til framánda landa. Aðgerðir Síldarvinnslunnar hafa hinsvegar verið mun umfangsmeiri og segja gárungar að ástæða sameiningarinnar við SR-mjöl hafi fyrst og fremst miðað að því að ná samlegðaráhrifum innan golfliðsins og auka þar með á sigurmöguleika þeirra í keppinni.

### Jón Kjartansson sífulli

Árið 1958 var skip Eskju, Jón Kjartansson við síldveiðar úti fyrir Norðurlandi og sökum þess hve vel veiðarnar gengu fékk hann viðurnefnið „Jón sífulli“. Eitt sinn hringdi Jón Kjartansson þáverandi forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins í Aðalstein Jónsson og sagði; „þetta gengur ekki lengur, ég sem aldrei bragða vín, er að missa mannróðið vegna þessa báts í þinni eigu; það er að verða almannarómur, að Jón Kjartansson sé farinn að drekka og það ekkert smáræði, hann sé sífullur“.

### Átján barna faðir í álfheimum í frosti

Fyrir allmörgum árum bættist tækjamönnum í frystihúsinu nýr liðsmaður. Þetta var ungur piltur ættaður af Héraði og kom strax í ljós að hann var afar ókunnugur aðstæðum við sjávarsíðuna.

Meðal verkefna sem tækjamenn fengu þennan dag var að fara inn á gamla frystiklefann niðri til að taka til. Meðal þess sem geymt var þarna í frostinu var heilmikill stafli af línubólum, með beittum línun, sem einhver línu-útgerðarmaður frá Eskfirði átti.

Héraðspiltinum þótti mikið til um þennan mikla ísskáp sem hann var staddur í og skoðaði allt í þaula. Lengst dvaldist honum þó við línubalana sem hann virti fyrir sér vel og lengi. Hann jafnvel gekk svo langt að hann tók upp eina bugtina með beittum krók og sýnilegt var að hann hafði aldrei séð neitt þessu líkt áður.

Að lokum gekk hann til annarra tækjamanna og spurði ósköp sakleysislega. „Strákar, til hvers er verið að frysta alla þessa SPOTTA?“

## Fyrsta ársfjórðungsuppgjör 2003

Eskja hf. birti árshlutauppgjör fyrir fyrsta ársfjórðung ársins 2003 16. maí síðastliðinn.

Samkvæmt því reyndust rekstartekjur félagsins á tímabilinu 903 milljónir og var hagnaður fyrir afskriftir (EBIDTA) 280 milljónir eða 31,09% af rekstrartekjum.

Nettó hagnaður fyrsta ársfjórðungs var hins vegar tæpar 264 milljónir, miðað við 568 milljón króna hagnað, fyrir sama tímabil í fyrra. Veltufé frá rekstri reyndist 242 milljónir. Eiginfjárlutfall

Eskju er samkvæmt þessu uppgjöri 34,68% og veltufjárlutfall 0,97.

Mikill samdráttur varð í tekjum félagsins, einkum í loðnuveiðum og vinnslu. Ástæður þessa er mikill samdráttur í loðnuveiðum en 52 þúsund tonn veiddust á yfirstaðinni loðnuvertíð samanborið við 91 þúsund tonn árið áður. Eins hefur gengi íslensku krónunnar styrkst um 11,81% frá sama tímabili árið áður og hefur í för með sér beina tekjuskerðingu fyrir félagið.

## Bolfiskvinnsla Eskju

Þann 11. júlí hefst vinnslustöðvun sem stendur til 1. september. Unnið verður að breytingum á húsakosti á meðan vinnslustöðvunin varir og verða bæði vinnslusalur og starfsmannarými endurhönnuð.

Eins verður kaffisal starfsmanna breytt svo

nýta megi hann undir námskeiðahald Menntasmiðju Eskju er fer af stað með haustinu í samstarfi við IMG. Umsvif bolfiskvinnslunnar munu aukast til muna á komandi kvótaári þar sem í vændum er um 1.400 þorskígilda kvótaaukning er fylgir kaupunum á Hópi í Grindavík. Áætlað er að vinnsla aukist úr 2.600 hráefnistonnum í tæpar 4.000 tonn, á komandi vertíð sem er verulegur búhnykkur fyrir félagið.

Miðvikudaginn 18. júní hélt starfsfólk bolfiskvinnslunnar grillveislu til að fagna sumrinu, sem reyndar hefur látið bíða eftir sér. Grilluðu þar forstjórinn og framleiðslustjórinn ofan í starfsfólkið og buðu upp á þorskhnakkasteik ásamt eldisbleikju af Vatnsleysuströnd. Að þessu tilefni var árið gert upp og fengu fjórir starfsmenn afhentar viðkenningar fyrir starfsframlag sitt á árinu.





## YFIRHEYRSLAN & SKÝRSLAN

### Yfirheyrslan

**Nafn:** Hulda Björk Rósmundsdóttir  
**Fjölskylda:** Eiginmaður Sigtryggur Hreggviðsson,  
þrjú börn, sex barnabörn og  
eitt barnabarnabarn

**Vinnustaður:** Bolfiskvinnsla Eskju  
**Uppáhaldsmatur:** Rjúpur  
**Besti tónlistarmaður:** Hörður Torfa  
**Besti leikari:** Sigurður Sigurjónsson  
**Besta leikkona:** Helga Braga Jónsdóttir  
**Besti fjölmiðlamaðurinn:** Ómar Ragnarsson  
**Áhugamál utan vinnu:** Kórastarf, hef starfað í  
kirkjukórnum síðan 1973

**Hvað er í buxnavösum?  
Vaskar eiginmaðurinn upp eftir matinn?**  
Pillan (stimpilklukkan)  
Já, oft gerir hann það og einnig er hann  
duglegur við að elda. (Innskot frá Didda)  
Svo sefur hann alltaf í náttfötum og býr  
um rúmið sitt!

**Á að ferðast eitthvað í sumar?**  
Já, alveg örugglega innanlands.  
Nú erum við hjónin bæði að hætta að  
vinna og auk þess nýbúin að kaupa okkur  
nýjan bíl.

### Skýrslan

#### Ferillinn

Ég hóf störf hjá Eskju 14 ára gömul árið 1949 og hef unnið þar síðan að undanskildum nokkrum árum sem fóru í barneignir. Í upphafi var verkstjóri yfir landvinnslunni Alli Jóns en síðan þá hef ég haft 8 verkstjóra og hafa þeir allir verið öndvegismenn. Ég gleymi aldrei orðum Alla þegar við vorum að snyrta fisk "Athugið þar sem blóðið er í fiskinum þar er ormur undir". Engin voru ljósaborð eða neitt í líkingu við það. Vinnutíminn var sex daga vikunnar frá átta á morgnanna til sjö á kvöldin og ísinn var sóttur inn að á og síðan malaður út af ísklefanum.

#### Karfavinnsla

Sú vinnslan sem mér er efst í huga er karfavinnslan. Fyrst þegar farið var að vinna karfa notuðum við svokallaðar „karfaklóur“ til að afhreistra hann. Við vorum þá inn í móttöku þar sem karfinn var í haugum og unnum á honum með klórnum. Seinna var þetta verkfæri leyst af hólmi með afhreistursvél. Skemmtilegt atvik átti sér einu sinni stað þegar ég var að vinna ásamt fullorðni konu við karfaflökun en þá var bitið fljótt að fara úr hnifunum. Það var einn maður sem var mjög fær að stála og lágum við utan í honum um að stála fyrir okkur. Svo er ég að fara til hans til að fá hann til að stála fyrir mig þá segir þessi kona „ertu enn að fara láta stála“ ég svar „já það bitur ekkert“. Svo eftir kaffitímann kemur þessi kona með blað til min og á því stendur:

*Á brautu gengur Hulda hála  
Hún þarf oft að láta stála  
Lika fá það milli mála  
Mér finnst þetta bölvuð gála.  
(P.E.)*

#### Mesta breytingin

Það er ekki hægt að taka út neitt eitt atriði sem mestu breytinguna. Það var mikil bylting þegar rúta fór um bæinn og sótti fólk til vinnu. Því bílaeign var ekki almenn og fólk labbaði eða hjólaði til og frá vinnu á hvaða árstíma sem var. Einnig hefur orðið gjörbreyting á vinnslunni og er vinnan mun léttara í dag en hún var hér áður fyrir. Víst er að færðingin hafa leyst mannshöndina að hólmi á mörgum vígstöðum. Sem dæmi var hér áður fyrir allt handflakað í bakka og svo þegar búið var að flaka í heilann bakka þurfti að roðdraga öll flökin, þetta var allt gert í höndunum.

#### Starfslok

Þegar ég hef lokið störfum hjá Eskju reikna ég með að snúa mér að heimahjúkrun, hjúkra honum Didda mínum. (Innskot frá Didda: „það er nú ekki dónalegt starf“).  
Að lokum vilja Hulda og Diddi þakka öllu samstarfsfólki sínu fyrir samferðina á liðnum árum.



*Hulda og maðurinn hennar Sigtryggur (Diddi) láta af störfum um næstu mánaðarmót. Diddi er elstur starfsmanna Eskju en Hulda líklega með lengstan starfsaldur allra sem þar starfa. Eskja þakkar Huldu og Didda fyrir þeirra framlag í þágu fyrirtækisins öll þessi ár og óskar þeim alls hins besta á komandi árum.*

## Eskjumótið í golfi

Opna Eskjumótið í golfi verður haldið á Byggðarholtsvelli þann 16. ágúst, þriðja árið í röð. Leiknar verða 18 holur með og án forgjafar, nándar og teighöggsverðlaun verða veitt ásamt glæsilegum verðlaunum fyrir efstu sætin. Miðað er við að mótið hefjist árla morguns, ræst verði út af öllum teigum og boðið verður upp á veitingar fyrir mótsgesti í mótislok. Þátttakendum er bent á að skrá sig á [www.golf.is](http://www.golf.is) eða hjá Jóhanni Arnarssyni, formanni mótanefndar GE.

### Fréttabréf

3. árg. 2. tbl. 2003

Útgefandi: Eskja hf.

Ritstjóri: Karl Már Einarsson  
[karl@eskja.is](mailto:karl@eskja.is)

Ábyrgðarmaður: Elfar Aðalsteinsson  
[elfar@eskja.is](mailto:elfar@eskja.is)

Umbrot og prentun: Héraðsprent ehf.